



Atvinnuleysi heldur áfram að aukast, en hlutfallslega minna en í síðustu kreppu

Hlutfallsleg aukning atvinnuleysis var mun meiri í kjölfar kreppunnar 2008 en verið hefur nú í faraldrinum þar sem atvinnuleysi var tiltölulega lítið þegar kreppan skall á 2008. Á fyrra tímabilinu var um næstum fimmföldun atvinnuleysis að ræða á fyrstu mánuðunum, á meðan það hefur rúmlega tvöfaldast á þessu ári.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í október 9,9% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði aukist úr 9,0% frá því í september. Um 25.000 manns voru á atvinnuleysisskrá, þar af 20.252 atvinnulausir og um 4.759 í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið hækkaði úr 0,8% í 1,2% milli mánaða. Samanlagt atvinnuleysi var því 11,9% í október, en var 11,1% í september.

Atvinnuleysi er enn að aukast


Almennt atvinnuleysi hefur aukist stöðugt frá því í júní, en þá hafði það verið stöðugt í 3 mánuði. Reiknað er með að aukningin haldi áfram enn um hríð þar sem mikil óvissa ríkir enn um þróun faraldursins. Vinnumálastofnun reiknar þannig með að almenna atvinnuleysið verði 11,3% í desember. Það þýðir að meðaltal atvinnuleysis á árinu yrði 7,9%. Meðalatvinnuleysi í fyrra var 3,6%.

Samanburður við 2008

Í október 2008, þegar fjármálakreppan skall á af fullum þunga, var skráð atvinnuleysi 1,9%. Í febrúar 2020, rétt áður en faraldurinn skall á var atvinnuleysi á landinu öllu 5%, og hafði aukist nokkuð á árinu 2019.


Nú, 8 mánuðum eftir að faraldurinn hófst í febrúar, er atvinnuleysið enn að aukast. Þegar 8 mánuðir voru liðnir frá upphafi fjármálakreppunnar í október 2008 hafði dregið nokkuð úr atvinnuleysinu, en það átti svo eftir að aukast nokkuð aftur. Atvinnuleysið í fjármálakreppunni fór hæst í 9,3% í apríl og maí 2010, eða einu og hálfu ári eftir að kreppan skall á.

Atvinnuleysi 2020



Heimild: Vinnumálastofnun. Nóv. og des. 2020 er spá VMST.

Þróun atvinnuleysis 2008 og 2020



Heimild: Vinnumálastofnun. 10 og 11 febrúar 2020 er spá VMST.

Atvinnuleysið nú í október er því orðið meira en þegar verst lét í fjármálakreppunni og á eftir að aukast nokkuð enn.

Annar útgangspunktur 2008

Eins og áður segir var atvinnuleysið mun lægra við upphaf kreppunnar 2008 en það var nú á árinu 2020. Nálgast má nettó áhrif hvorrar kreppu um sig með því að skoða breytingarnar frá upphafspunkti.

Hlutfallsleg aukning atvinnuleysis var miklu meiri í kjölfar kreppunnar 2008 en verið hefur nú. Á fyrria tímabilinu var um næstum fimmföldun atvinnuleysis að ræða, á meðan það hefur rúmlega tvöfaldast á þessu ári. Breytingin á ástandinu var þannig hlutfallslega mun hraðari þá en á þessu ári, en auðvitað þarf að hafa í huga að fjöldi atvinnulausra er meiri nú og þar að auki hafa nokkuð margir verið á hlutabótum á þessu ári sem ekki er talið með í þessum samanburði.


Staðan mjög alvarleg á Suðurnesjum

Almennt atvinnuleysi fór úr 18,6% upp 20,1% á Suðurnesjum milli september og október sem þýðir að atvinnuleysið er u.þ.b. tvöfalt meira á Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu þar sem það er næst mest. Heildaratvinnuleysið á Suðurnesjum var 21,2% í október.

Í síðustu kreppu var atvinnuleysið einnig mest á Suðurnesjum, en þó mun lægra en það var nú. Fjórum mánuðum eftir upphaf kreppunnar 2008 var atvinnuleysi 13,5% á Suðurnesjum, sem er svipað og var nú í júní 2020. 2008 fór að draga úr atvinnuleysi á Suðurnesjum eftir fjóra mánuði, en það jókst síðan aftur og náði hámarki í febrúar 2010, í 15%. Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur hins vegar aukist stöðugt frá því í júní á þessu ári.


Staðan við upphaf hvorrar kreppu um sig var hins vegar mismunandi. Atvinnuleysið á Suðurnesjum var 4,3% í október 2008 og 9,1% í febrúar 2020. Nú í október var atvinnuleysið orðið 2,2 sinnum meira á Suðurnesjum en það var í febrúar í ár. Á sambærilegum tímapiðki í fjármálakreppunni var atvinnuleysið hins vegar orðið 2,8 sinnum meira. Einöngruð áhrif fjármálakreppunnar voru þannig meiri á fyrstu mánuðunum en hefur verið á þessu ári.

Þróun atvinnuleysis 2008 og 2020




Heimild: Vinnuáætlastofnun. 10 og 11 2020 er spá VMST.

Almennt atvinnuleysi í september og október 2020



Heimild: Vinnuáætlastofnun

Atvinnuleysi á Suðurnesjum 2008 og 2020



Heimild: Vinnuáætlastofnun



Atvinnuleysi áfram mikið

Óvissan er enn veruleg um áframhald faraldursins, þótt bjartsýni sé óneitanlega farin að aukast aftur eftir tíðindi um þróun bóluþefnis og betri árangur í baráttunni hér innanlands. Atvinnuleysið hefur bitnað einna mest á greinum í ferðaþjónustu og þar skipta Suðurnesin miklu máli. Aukning á komum ferðamanna til landsins skiptir því miklu um áframhaldandi þróun atvinnuleysis.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.